



Rannsóknir sakamála: Grunnnám

Dags. 15. september 2019 til 30. apríl 2020. Blandað nám: staðlotur og fjarnám. Námið hefur verið metið sem ígildi 10 ECTS háskólaeiningum hjá Háskólanum á Akureyri.

Markmið

Markmið námsins er að auka almenna hæfni lögreglumanna við rannsóknir. Að námi loknu hafi nemendur öðlast næga **þekkingu og færni** á lögreglurannsóknnum til að **bera ábyrgð** á rannsóknnum. Þeir kunni grunnatriði lögreglurannsókna og **þekki kröfur** sem gerðar eru til þeirra. Að námi loknu skulu nemendur hafa færni til að skipuleggja rannsóknir, taka skýrslur af aðilum máls, afla og meta sönnunargögn og undirbúa mál fyrir ákærvaldið.

Hæfniviðmið

Nemendur hafi eftir námið:

- Aukna innsýn, þekkingu og öryggi í starfinu.
- Geti bæði unnið sjálfstætt og í hóp að rannsóknarverkefnum.
- Þekki og geti fjallað um viðeigandi siðferðileg vandamál við rannsóknir.
- Beri ábyrgð á eigin þróun innan fagsins.
- Þekkingu til að beita rannsóknaraðferðum.

Helstu áhersluatriði námsins eru:

- Markmið rannsókna, reglur og gæði.
- Rannsóknaraðferðir og skilningur á aðferðarfræði.
- Skipulag og hagnýtt framkvæmd rannsókna.

Kennsluáðferð

Námið er skipulagt sem fjarnám með lotum og tekur í heild um 6 mánuði. Heildarnámstími er metin um 420 klukkustundir en í því felst heimanám, gerð verkefna, kennslustundir, æfingar, einstaklingsverkefni, hópverkefni, nám á vef námsins og lestur lesefnis. Skyldumæting er í staðlotur, lágmarksmæting er 80% í námið í heild (ástæður fjarvista skipta ekki máli). Áður en mætt er í staðloturnar, er ætlast til að nemendur hafi farið í gegnum

Umsjón: Mennta- og starfspróunarsetur lögreglunnar en leiðbeinendur koma víða að, bæði innanlands sem utan.

Kennsluefni:

Á Moodle kennslukerfinu auk þess fá þátttakendur námsefni afhent í staðlotum.

Þátttakendur:

Námið er fyrir þá sem starfa við rannsóknir eða hafa hugsað sér að starfa á þeim vettvangi. Umsækjendur sem starfa við rannsóknir sakamála njóta forgang í námið. Þeir lögreglumenn sem ljúka náminu með fullnægjandi hætti uppfylla skilyrði skv. 3. mgr. 14. greinar reglugerðar um starfsstig innan lögreglunnar nr. 1051/2006 um skipun til starfa og öðlast einnig rétt til að sækja sérstök rannsóknarnámskeið.

Umsækjendur þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hafa skipun eða setningu í starfstigið lögreglumaður.
- Hafa starfað minnst tvö ár sem lögreglumaður.
- Hafa brennandi áhuga fyrir því að þróa sig áfram í starfi í rannsóknir brota.

Umsóknir:

- Umsækjendur þurfa að sækja um með því að senda umsókn á menntun@logreglan.is ásamt bréfi þar sem fram kemur kynning á

námsefnið, þ.e.a.s. lesið námsefnið og horft á fyrirlestrana á vefsvæði námsins.

Dagsetningar á staðlotum eru eftirfarandi:

- Lota 1: 30. september til 4. október, þ.m.t. vinnustofa og ráðstefna 3. og 4. október.
- Lota 2: 18. - 21. nóvember.
- Lota 3: 20. - 24. janúar/27.-31. janúar (skýrslutöku lota, hópnum tvískipt í eina vikulanga lotu).
- Lota 4: 23. - 26. mars.

Námsmat:

Námsmat fer fram með eftirfarandi hætti:

- Ýmis verkefni yfir veturinn sem metin eru sem staðið/ekki staðið - Vægi 10%.
- Hópverkefni - Vægi 40%.
- Lokaverkefni - Vægi 40%.
- Þátttaka í samvinnu á Moodle - Vægi 10%.

umsækjanda ásamt ástæðu fyrir umsókninni og áhuga (hámark 500 orð).

- Ekki eru innheimt þátttökugjöld að þessu sinni en **nauðsynlegt er að viðkomandi lögreglustjóri heimili þátttöku í námið** og veiti svigrúm í starfi til náms.
- **Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst 2019.**

Staðsetning:

Mennta- og starfspróunarsetur
Krókháls 5a, 3. hæð
110, Rvk.

Hámarksfjöldi þátttakenda:

20 þátttakendur.

Nánari upplýsingar um námið veitir Eiríkur valberg, evalberg@me.com, og Ólafur Örn Bragason, olafur.bragason@logreglan.is